

Fréttatilkynning

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2007

Jákvæð rekstrarafkoma og lækkun skulda

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2007 var lagður fram til kynningar í sveitarstjórn 21. apríl 2008. Seinni umræða sveitarstjórnar fór fram 20. maí og var ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

Sameining Raufarhafnar-, Öxarfjarðar- og Kelduneshrepps svo og Húsavíkurbæjar tók gildi 11. júní 2006 og fékk sveitarfélagið nafnið Norðurþing. Árið 2007 var því fyrsta heila rekstrarár Norðurþings. Íbúafjöldi sveitarfélagsins í árslok 2007 var 2970.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Norðurþings var jákvæð um 89,4 mkr. Rekstrartekjur voru 2.371,4 mkr. og rekstrargjöld 1.991,6 mkr. en þar af nam reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindinga 61,9 mkr. Veltufé frá rekstri var 287,8 mkr. eða 12,1% af tekjum og handbært fé frá rekstri var 254,2 mkr. Peningalegar eignir í árslok voru 1.226,6 mkr. og skuldir og skuldbindingar samtals 4.183,9 mkr. en þar af voru lífeyrisskuldbindingar 950,5 mkr. Skuldir umfram peningalegar eignir voru því 2.957,3 mkr. samanborið við 3.418,9 mkr. í árslok 2006. Eigið fé í árslok var 1.599,0 mkr. og eiginfjárhlutfallið 27,6% samanborið við 1.307,9 mkr. og 22,8% í árslok 2006.

Gert er ráð fyrir að reksturinn verði með svipuðu sniði á árinu 2008.

Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasíðu Norðurþings.

Nánari upplýsingar veita Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri, og Guðbjartur Ellert Jónsson fjármálastjóri, í síma 464 6100.

Meðfylgjandi:

Lykiltölur úr ársreikningi Norðurþings 2007.

Lykiltölur úr ársreikningi Norðurþings sl. 4 ár.

Ársreikningur Norðurþings 2007.

Lykiltölur úr ársreikningi Norðurþings 2007

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	A hluti		A og B hluti	
	2007	Fjárh.áætl.	2007	Fjárh.áætl.
Rekstrartekjur				
Skatttekjur	924.419	829.756	924.419	829.756
Framlög Jöfnunarsjóðs	596.358	390.000	596.358	390.000
Aðrar tekjur	322.107	284.088	850.598	811.491
	<u>1.842.884</u>	<u>1.503.844</u>	<u>2.371.375</u>	<u>2.031.247</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	958.474	892.260	1.063.037	984.469
Breyting lífeyrisskuldbindinga	71.676	0	61.859	0
Annar rekstrarkostnaður	642.203	575.334	866.723	803.300
Afskriftir	62.353	52.935	204.458	196.245
	<u>1.734.706</u>	<u>1.520.529</u>	<u>2.196.076</u>	<u>1.984.014</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	108.179	(16.685)	175.299	47.233
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	30.902	(36.440)	(113.261)	(180.534)
Reiknaður tekjuskattur	0	0	6.688	0
Hlutdeild minnihluta	0	0	20.636	4.174
Rekstrarniðurstaða	<u>139.081</u>	<u>(53.125)</u>	<u>89.361</u>	<u>(129.127)</u>
	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	A hluti		A og B hluti	
	2007	2006	2007	2006
Eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.321.304	1.303.522	4.555.085	4.725.654
Áhættufjármunir og langtímakröfur	1.181.768	964.635	711.637	489.875
Veltufjármunir	717.142	552.918	516.158	532.329
Eignir samtals	<u>3.220.214</u>	<u>2.821.075</u>	<u>5.782.880</u>	<u>5.747.858</u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	1.389.301	1.002.105	1.598.951	1.307.940
Skuldir og skuldbindingar	1.830.913	1.818.970	4.183.929	4.439.918
Eigið fé og skuldir samtals	<u>3.220.214</u>	<u>2.821.075</u>	<u>5.782.880</u>	<u>5.747.858</u>

Allar fjárhæðir í þúsundum króna

Lykiltölur úr ársreikningi Norðurþings síðustu fjögur ár – Sveitarsjóður A-hluti

<i>Í krónum á íbúa</i>	2007	2006	2005	2004
Rekstur				
Skatttekjur	512.046	397.675	333.937	290.992
Aðrar tekjur	108.454	80.516	92.791	86.676
Laun og launat. gjöld	346.852	264.837	269.818	243.049
Annar rekstrarkostnaður	216.230	183.477	184.422	172.547
Afskriftir	20.994	38.517	15.008	11.840
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10.405	11.272	(64.402)	1.863
Rekstrarniðurstaða	46.829	2.631	(106.922)	(47.906)
Efnahagur:				
Eignir	1.084.247	933.204	1.000.880	822.701
Eigið fé	467.778	331.494	309.968	171.492
Lífeyrisskuldbindingar	286.958	258.216	284.353	243.464
Skuldir án skuldbindinga	329.512	343.494	406.558	407.744
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	87.423	44.863	11.639	11.931
Aðrar lykiltölur:				
Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við langtímaskuldir mælt í árum	2,59	5,65	25,32	25,32
Veltufjárlutfall	2,34	2,03	1,50	1,79
Eiginfjárlutfall	43,14%	35,52%	30,97%	20,85%
Útsvarsprósenta	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%
Fasteignaskattsprósenta, A-liður	0,4 til 0,5%	0,4 til 0,65%	0,4 til 0,65%	0,4 til 0,65%
Fasteignaskattsprósenta, B-liður	1,33 til 1,65%	1,2 til 1,65%	1,2 til 1,65%	1,2 til 1,65%
Fasteignaskattsprósenta, C-liður	0,88%	0,44%	0,44%	
Önnur atriði:				
Íbúafjöldi (Húsavík fyrir 2006):				
Í árslok	2.970	3.023	2.373	2.425
Íbúafjöldi:				
Sveitarfélögin 4 - Norðurþing:	2.970	3.023	3.031	3.098
- breyting frá fyrra ári	-1,75%	-0,26%	-2,16%	-1,78%